



Innsetningarræða
Ásgeirs Ásgeirssonar
í embætti forseta Íslands
1. ágúst 1956

Góðir Íslendingar, erlendir fulltrúar!

Á þessari stundu lýkur kjörtímabili, og hefst annað nýtt fyrir mig sem forseta Íslands. Það er mér í senn viðkvæm og hátíðleg stund. Ég þakka öllum þeim, sem hafa talið mig þess maklegan að halda áfram störfum, og heiti því, að gera það, sem í mínu valdi stendur, til þess að inna þá þjónustu af hendi með þjóðarheill og heiður fyrir augum. Til þess hjálpi mér Guð.

Það er að sjálfsgöðu önnur aðkoma að byrja nýtt kjörtímabil. Reynsla undanfarinna ára veitir mér nokkurn styrk. Ég hefi kynnst landi og þjóð betur en áður, bæði á ferðum um landið, og á heimili okkar hjóna. Er það mála sannast, að ferðalög eru nauðsynleg til að fylgjast með hinni öru þróun, og fá yfirsýn, sem enginn forseti getur án verið. En mest er þó um vert, þá viðkynning við almenning, sem ekki fæst nema með því að hitta fólk í réttu umhverfi, heima í sveit sinni og kaupstað. Það er ómetanlegt að kynnst hugarfari og hugarþeli fólksins, og þeim einingaranda, sem býr bak við alla sundrung. Það kýs ég mér umfram allt annað, að mega njóta góðvildar og samhugar alþýðu manna, því án þess væru ýmis störf og viðleitni að litlu gagni.

Ég hefi átt því að fagna, að hlýða á marga merka menn, innanlands og utan, lýsa hugmyndum sínum um og hug til þjóðarinnar og forsetaembættisins. Það hefir skýrt og þroskað hugmyndir mínar um verkefni forseta. Ég hefi þegar reynt tvenn stjórnarskipti. En það fylgir embættinu, að vera ekki margorður um þá hluti, of snemma eða í ótíma. Ég vænti þess, að geta þó einhverntíma síðar, gert þá grein fyrir hugmyndum mínum og reynslu, sem megi verða að nokkru gagni fyrir þá, sem á eftir koma. Þess vil ég samt geta, að það álit mitt hefir styrkst og orðið að sannfæring, að ekkert þjóðfélag getur verið án oddvita. Valdsvið hans getur verið vítt eða þröngt. En stjórnskipunarlög verða aldrei svo fullkomin, að þar verði ekki einhverjir óskráðir kaflar. Gætir þess t.d. við stjórnarmyndanir og á úrslitastundum. Þá þarf einhver að vera til úrskurðar, kjörinn af alþjóð til að hafa alþjóðar sjónarmið, sem ekki er bundið af hagsmunum einstakra flokka. Lög eru landsstólpi, en geta aldrei komið til fulls í staðinn fyrir manninn sjálfan, fjölbreytta lífsreynslu og dómgreind.

Þeim tímum, sem nú standa yfir, fylgir nokkur ólga, og það víðar en hér á landi. Þó getum vér fagnað góðæri til lands og sjávar. Iðnarmaðurinn við sín tæki, bóndinn við heyskapinn og sjómaðurinn við veiðiskap, uppskera nú ríkulegan ávöxt síns erfiðis. Grundvöllur þjóðfélagsins er traustur. En atvinnulífið hefir aðra hlið: fjárhagskerfið. Óstöðvan í verðlagi veldur örðugleikum, þó vel afloat, og hin forna verðfesta á landsvísu er fyrir löngu rokin út í veður og vind. Það er öllum þjóðum vorkunn, þó verðlag truflist í styrjöldum, og þá ekki síst þeim, sem standa utan orrustu og hafa öruggan markað. En geta verður að koma með friði, til þess að atorka og

fyrirhyggja fá sín réttlátu laun. Vér getum vart hælst um af þeim árangri, sem enn er orðinn. En nú um skeið, hefir það verið öllum landslýð ljóst, að sporna verður fótum við. Og það er öllum vitað, að jafnvægi fjárhagsmála næst ekki, nema með hófstiltum kröfum og hyggilegri fjárfesting til aukinna afkasta. Vér skulum vona að lygnara sé og stöðugra framundan, en til þess að svo verði, þarf skilning og stuðning allra stétta og alþjóðar.

Sá er annar málaflokkur, sem nú veldur miklum umræðum og nokkrum kvíða, en það eru utanríkismálin, og er það máské nokkuð að vonum. Íslandi var um alllangt skeið stjórnað frá öðru landi með erlenda hagsmuni fyrir augum. Landið var auk þess einangrað, og voldugir nágrannar óáleitnir. En einmitt um það leyti, sem vér öðluðumst úrslitavald allra vorra mála, gerðist sú breyting, að nauðsynin á samstarfi skyldra og líkt hugsandi þjóða, fór ört vaxandi. Er sú þróun frá einangrun til samstarfs þjóðanna furðu lík og samtímis hjá hinu fámennasta lýðveldi, Íslandi, og hinu fjölmennasta, Bandaríkjunum Norður-Ameríku. Vonir stóðu til þess, að hin víðtæku samtök hinna Sameinuðu þjóða kæmu upp öryggisliði, sem gæti verið alþjóðalögregla, og hefði sú lausn verið ákjósanleg fyrir smáþjóðir, og raunar allt jarðríki. En því er ekki að heilsa, að tekist hafi að hrinda í framkvæmd þessu ákvæði í Stofnskrá hinna Sameinuðu þjóða, og er það höfuðástæðan til, að stofnuð hafa verið smærri bandlög til landvarna á afmörkuðum svæðum. Þeim tilgangi þjónar Atlantshafsbandalagið fyrir oss Íslendinga. Það er ljóst, að meirihluti þings og þjóðar, telur aðild vora að því bandalagi nauðsynlega. Hitt er svo umræðu- og samningamál, með hvaða hætti samstarfið þurfi að vera á hverjum tíma. Um mannvirki, herafla, sérfræðinga og aðra aðstöðu ræði ég ekki, af ástæðum, sem liggja í augum uppi, enda standa viðtöl og samningar nú fyrir dyrum. En það er ekki óeðlilegt, að Íslendingar hafi frumkvæði um endurskoðun af sinni hálfu, því nú fara allstaðar meðal þjóða Atlantshafsbandalagsins fram miklar umræður um það, hvaða breytingar skuli gerðar og hvenær, eftir breyttum viðhorfum í vígbúnaði og alþjóðamálum. Vísast er, að það taki allt töluverðan tíma, áður en aðildarríkin komast að öruggum niðurstöðum.

Ég vildi ekki láta hjá líða að gera grein fyrir þessari grundvallarafstöðu meirihluta þings og þjóðar til Atlantshafsbandalagsins, því um ýmislegt erum vér nú affluttur í nokkrum erlendum blöðum og vafasamar ályktanir dregnar. En vér skulum ekki vera um of hörundssárir, því það er hvorttveggja, að ítarleg greinargerð lá ekki fyrir af vorri hálfu, og fullkominna skýringa vart að vænta, fyrr en jafnóðum og viðtölum miðar áfram, og undir málalok. Grundvallarafstaðan er óbreytt samkvæmt þeirri yfirlýsingu hæstvirkar ríkisstjórnar, að „stefna Íslands í utanríkismálum verði, *hér eftir sem hingað til*, við það miðuð, að tryggja sjálfstæði og öryggi landsins, að höfð sé vinsamleg sambúð við allar þjóðir, og að Íslendingar eigi samstöðu um öryggismál við nágrannaþjóðir sínar, m.a. með samstarfi í Atlantshafsbandalaginu.“

Hér stendur lýðræði og þingræði föstum fótum. Norrænu eðli og stjórnarfari verður ekki kippt upp með rótum á svipstundu. Frá upphafi hafa Íslendingar borið saman ráð sín. Og enn byggjum vér á því, að frjálsar umræður séu öruggasta eða eina leiðin til að nálgast svo sannleik og réttlæti, sem oss er framast áskapað að geta náð. Ólíkar stefnur eru jafnan uppi. „En það er enginn skaði,“ segir Jón Sigurðsson, „þó meiningarmunur sé, heldur getur orðið skaði að, *hvernig meiningum er fylgt*.“ Það er einmitt það, sem gerir muninn, einnig með lýðræðisþjóðum, hvernig meiningunni er fylgt fram. Það er hvorttveggja til, að flytja svo mál sitt, að mest sé byggt á fáfræði og ofstæki áheyranda, eða á hinn veginn, að tala til heilbrigðrar skynsemi og þjóðhollustu. Um ofbeldi til að koma fram máli sínu, þarf ekki að ræða hér á landi. Þó fleiri stefnur séu uppi, þá leiðir sú aðferð, að tala til heilbrigðrar skynsemi og

Þjóðhollustu oft til málamiðlana. En málamiðlun þarf ekki að vera afsláttur, heldur getur hún oft leitt nær því jafnvægi og réttlæti, sem opinn hugur leitar að. Frjáls umræða og ályktun að henni lokinni, er vor aðferð í umgengni hver við annan og við aðrar þjóðir. Ég er myndugur, og þarf við engan að ráðgast – hugsar máské unglíngur, sem að vísu er laus undan foreldraaga, en ekki búinn að ná sjálfsaga. Það á ekki að þurfa að óttast að slíkt hugarfar sé ríkjandi með þjóð, sem á þúsund ára þingsögu að baki. En að lúta skýrum rökum, og standa á réttinum að yfirlögðu ráði, skapar virðing, farsæld og langlífi í landinu.

Það er nú viðurkennt af öllum, að vér Íslendingar séum þjóð, og höfum full umráð allra vorra mála, og vér skulum láta á sannast þau ummæli Jóns Sigurðssonar, „að hverri þjóð hefir þá vegnað best, þegar hún hefir sjálf hugsað um stjórn sína, og sem flestir kraftar hafa verið á hræringu.“ Hin íslenska tilraun til að halda uppi fámennu menningar- og réttarríki mun takast! Vér treystum á auðlindir landsins og manngildi þjóðstofnsins. Og vér trúum því að hver vandi muni, með Guðs hjálp, víkja fyrir heilbrigðri skynsemi, djörfung og atorku, og að íslensk þjóð eigi bjarta framtíð fyrir höndum. En minnumst þess jafnframt, að velgengni er ekki einhlít, hvorki fyrir þegn né þjóð. Það hafa flestir reynt einhverntíma á sjálfum sér, að velmegun er ekki fylling lífsins. Þetta er svo orðað í guðspjöllum, að maðurinn lifi ekki á einu saman brauði. En til þess mun þjóðleg og kristileg menning líklegust, að veita þann þroska og göfgi, sem gefur sálarró.

Niðurlagsorðin skulum vér svo, öll í sameiningu, sækja til síra Hallgríms, eins og þjóðin hefir gert um aldir og lesa með mér í hljóði:

Verkin mín drottinn þóknist þér,
þau láttu allvel takast mér,
ávaxtasöm sé iðjan mín,
yfir mér hvíli blessun þín.